

Nd.

284. Frumvarp til laga

[7. mál]

um vernd barna og ungmenna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 1. marz.)

I. KAFLI

Inngangur.

1. gr.

Vernd barna og ungmenna tekur yfir þessi verkefni og úrræði:

1. Almennit eftirlit með aðbúð og uppeldi á heimili.
2. Eftirlit með hegðun og háttsemi utan heimilis.
3. Ráðstöfun í vist, í fóstur, til kjörforeldra eða á sérstakar uppeldisstofnanir.
4. Eftirlit með uppeldisstofnunum, svo sem barnaheimilum, vöggustofum, dagheimilum, leikskólum, gæzluleikvöllum, sumardvalarheimilum, fávítahælum fyrir börn og ungmenni o. s. frv., sé eftirlitið ekki falið öðrum samkvæmt sérstökum lögum.
5. Eftirlit með börnum og ungmennum, sem eru líkamlega eða andlega miður sín, einkum þeim, sem eru blind, málhölt, fötluð eða fávíta.
6. Eftirlit með börnum og ungmennum, sem eru siðferðilega miður sín, hafa framið afbrot eða eru á annan hátt á glapstigum.
7. Vinnuvernd.
8. Eftirlit með skemmtunum.

Með börnum er samkvæmt lögum þessum átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs, en ungmenni eru unglingar á aldursskeiði 16—18 ára.

2. gr.

Starf til verndar börnum og ungmennum rækja samkvæmt lögum þessum: barnaverndarnefndir og barnaverndarráð. Menntamálaráðuneytið hefur yfirstjórn barnaverndarmála.

Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð skulu setja fram tillögur og ábendingar um úrræði, sem stuðla að því að búa börnum og ungmennum góð uppeldis-skilyrði, svo og að benda á félagsleg atriði, sem eru andstæð því uppeldistakmarki.

Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð skulu leita samvinnu við forráðamenn skóla, heilsugæzlu og framfærslumála og aðra þá, sem fjalla um málefni barna og ungmenna.

3. gr.

Barnaverndarnefndarmenn og barnaverndarráðsmenn, fulltrúar þessara aðilja og annað starfslið á vegum þeirra eru opinberir starfsmenn og hljóta þá vernd, sem slíkur mönnum er tryggð, og bera skyldur samkvæmt því. Ber þeim að sýna börnum og ungmennum, er þeir fjalla um mál þeirra, alla nærgætni og mega ekki skýra óviðkomandi mönnum frá því, sem þeir verða visir í starfa sínum um einkamál manna og heimilisháttu.

II. KAFLI

Um barnaverndarnefndir.

4. gr.

Barnaverndarnefnd skal vera í hverjum kaupstað og í hverjum hreppi landsins. Heimilt er þó að hafa sameiginlegar barnaverndarnefndir fyrir fleiri en einn hrepp, séu þeir mjög fámennir.

5. gr.

Barnaverndarnefnd hefur eftirlit með uppeldi og hegðun barna til 16 ára aldurs, svo og ungmenna, ef þau eru líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín, og þá allt að 18 ára aldri.

6. gr.

Bæjarstjórn (borgarstjórn) í kaupstað kýs barnaverndarnefnd, í Reykjavík 7 manna, í öðrum kaupstöðum 5 manna. Barnaverndarnefnd utan kaupstaða (sbr. 4. gr.) skal skipuð 3 mönnum og valin af hreppsnefnd eða hreppsnefndum (sbr. 4. gr.). Skulu nefndarmenn vera kunnir að grandvarleik og bera sem bezt skyn á mál þau, sem barnaverndarnefnd fjallar um.

Um kjörgengi í barnaverndarnefnd fer eftir sömu reglum og um kjörgengi í sveitarstjórn, sbr. l. nr. 58 29. marz 1961, 19., sbr. 18. gr., og um þá kosningu fer eftir 37. gr. sömu laga eftir því sem við á, sbr. þó 8. gr. 1. málsg. hér á eftir.

Barnaverndarnefnd skal jafnan skipuð bæði konum og körlum. Kjósa skal með sama hætti jafnmarga varamenn í barnaverndarnefnd.

Í kaupstöðum skal leitast við að kjósa lögfræðing í barnaverndarnefnd, þar sem slíks er kostur.

7. gr.

Kjörtími barnaverndarnefndar er hinn sami og bæjarstjórnar. Fyrsta kosning samkv. lögum þessum gildir þó einungis, þangað til bæjarstjórnarkosningar fara næst fram. Barnaverndarnefnd gegnir störfum, þar til ný nefnd hefur verið kosin.

Kjörtími barnaverndarnefnda er hinn sami og sveitarstjórnar, er kýs hana, þó svo að barnaverndarnefnd gegnir störfum, unz ný nefnd hefur verið kosin, sbr. einnig 58. gr.

Oddvitar (sveitarstjórar) og bæjarstjórar (borgarstjóri) skulu þegar eftir að kosning barnaverndarnefndar hefur farið fram skýra menntamálaráðuneytinu frá skipun nefndar.

8. gr.

Það er borgaraskylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Þó geta skorast undan kosningu þeir, er átt hafa sæti í nefnd allt síðasta kjörtímabil. Maður eldri en 60 ára getur skorast undan kosningu fyrir fullt og allt.

Bæjarstjórnir (bæjarráð) og hreppsnefndir ákveða þóknun nefndarmanna, enda greiðist kostnaður af nefndarstörfum úr sveitarsjóði, þar með talin laun starfsfólks og önnur útgjöld við störf nefndarinnar.

9. gr.

Barnaverndarnefndarmenn skipta með sér störfum og kjósa formann, varaformann og ritara. Ritari heldur nákvæma fundarbók um störf nefndar og sendir barnaverndarráði skýrslu um þau fyrir apríllok ár hvert.

10. gr.

Barnaverndarnefnd skal, að fenginni heimild sveitarstjórnar, ráða eftir þörfum sérhæft starfslið, er annist dagleg störf í umboði hennar, svo og annað starfsfólk. Barnaverndarráð skal beita sér fyrir athugun á því, hvort kleift sé að ráða sérhæfða starfsmenn, er séu til ráðuneytis barnaverndarnefndum innan tiltekinna umdæma, t. d. fjórðunga eða smærri umdæma.

11. gr.

Um störf og starfsháttu fer að öðru leyti eftir IV. kafla þessara laga.

III. KAFLI

Um barnaverndarráð.

12. gr.

Ráðherra skipar fimm manna barnaverndarráð til 4 ára í senn. Skal það hafa aðsetur í Reykjavík. Formaður ráðsins skal vera embættisgengur lögfræðingur.

Ráðherra skipar á sama hátt jafnmarga varamenn.

Gerðir ráðsins skulu skráðar í fundabók.

Barnaverndarráð skal ráða í þjónustu sína sérfróðan mann um uppeldismál, er annist framkvæmdir og eftirlit á vegum þess, enn fremur annað starfsfólk við hæfi.

Ráðherra ákveður laun barnaverndarráðsmanna, og greiðast þau úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði við ráðið.

Um störf og starfsháttu barnaverndarráðs fer eftir V. kafla þessara laga.

IV. KAFLI

Um störf og starfsháttu barnaverndarnefndar.

13. gr.

Barnaverndarnefnd er ályktunarfær, þegar fullur helmingur nefndarmanna situr fund, enda sé formaður eða varaformaður á fundi.

Nú á embættisgengur lögfræðingur ekki sæti í nefndinni, og skal héraðsdómari (í Reykjavík borgardómari) þá taka sæti í nefndinni sem meðlimur hennar með fullum réttindum og skyldum, ef fjalla á um töku barns af heimili, sviptingu foreldravalds, kröfu um, að barn skuli flutt frá fósturforeldrum, eða kröfu um, að felldur sé niður úrskurður um töku barns af heimili eða sviptingu foreldravalds. Ályktanir um þessi málefni fá ekki gildi, nema 2 nefndarmenn hið fæsta af 3, 3 af 4, 4 af 5 eða 6, 5 af 7 og 6 af 8 gjaldi þeim jákvæði.

Nú hamlar nauðsyn barnaverndarmanni fundarsókn, og skal hann þá gera formanni viðvart með fyrirvara, ef unnt er. Boðar þá formaður varamann í hans stað.

14. gr.

Um vanhæfi nefndarmanna til meðferðar einstakra mála gilda ákvæði 36. gr. laga nr. 85/1936, eftir því sem við getur átt.

Öllum meiri háttar málum, er varða ráðstafanir gagnvart börnum eða forráðamönnum þeirra, skal ráðið til lykta með úrskurði. Úrskurður skal vera skriflegur og rökstuddur. Úrskurð skal tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt, og skal vekja athygli á, að heimild sé til málskots, sbr. 57. gr., ef því er að skipta.

Um starfsháttu barnaverndarnefnda, þ. á m. um boðun funda, bókun fundargerða og boðun varamanna, skulu sett nánari ákvæði í reglugerð, er menntamála-ráðherra setur. Í reglugerð má einnig kveða á um verkaskiptingu innan hinna fjölmennari nefnda svo og um starfsmenn og ráðunauta barnaverndarnefnda.

15. gr.

Ef bráðan bug þarf að vinda að ráðstöfun, sem ber undir barnaverndarnefnd, getur formaður — eða fulltrúi í umboði hans — framkvæmt hana, en leggja skal málið til fullnaðarákvörðunar fyrir barnaverndarnefnd svo fljótt sem kostur er.

16. gr.

Við úrlausn barnaverndarmáls skal kosta kapps um að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barna eða ungmenna, sem í hlut eiga, tengsl þeirra við foreldra eða aðra forráðamenn og aðbúð þeirra á heimili, skólagöngu þeirra og hegðun á heimili

og utan þess, svo og andlegt og líkamlegt ásigkomulag þeirra. Skal leita aðstoðar sérfræðinga, eftir því sem þörf krefur. Um öflun upplýsinga utan umdæmis nefndar gilda ákvæði 17. gr.

Barnaverndarnefnd eða þeim barnaverndarnefndarmönnum, fulltrúa nefndarinnar, starfsmönnum hennar eða öðrum, sem hún kann að fela það sérstaklega, er heimilt að fara á einkaheimili og barnaheimili til rannsóknar á högum barns og ungmennis, taka skýrslur af foreldrum eða forráðamönnum þess og kveðja fyrir sig til yfirheyrslu hvern þann í umdæmi hennar, er um kann að bera. Svo getur hún og krafizt vitnaleiðslu fyrir dómi til skýringar máli.

Þegar barnaverndarnefnd leysir úr máli, skal jafnan það ráð upp taka, sem ætla má að barni eða ungmenni sé fyrir beztu. Nefndinni ber jöfnum höndum að hafa hliðsjón af því, hvort dvöl barns á heimili kunni að hafa skaðlegar afleiðingar fyrir önnur börn, sem þar vistast. Enn fremur ber að forðast að sundra systkinahópi.

17. gr.

Barnaverndarnefnd, þar sem barn er dvalfast, á úrlausn um málefni þess, sbr. þó 37. gr. 3. málsg. Nú flyzt barn úr umdæmi nefndar, eftir að nefnd hefur tekið mál til meðferðar, og skal barnaverndarnefnd á hinu nýja heimili barnsins fjalla til fullnaðar um málið, en barnaverndarráð getur þó ákveðið, að nefnd sú, sem fyrst fjallaði um málið, ráði því til lykta.

Barnaverndarnefndir skulu veita hver annarri atbeina til skýringar málum og í framkvæmd hvers konar barnaverndarráðstafana.

18. gr.

Ef opinber starfsmaður verður í starfa sínum var við misfellur á uppeldi og aðbúð barna eða ungmenna, er honum skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega er kennurum, prestum, læknum, ljósmæðrum, hjúkrunarkonum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum og þeim, sem fara með framfærslumál, skylt að fylgjast eftir föngum með hegðun og uppeldi barna og ungmenna og hafa náíð samstarf við barnaverndarnefnd.

Um tilkynningarskyldu annarra manna fer svo sem segir í 49. gr.

19. gr.

Skylt er löggæzlumanni að aðstoða barnaverndarnefndir og gera þeim viðvart, ef hann verður þess vís, að ábótavant sé framferði, uppeldi eða aðbúð barns eða ungmennis.

Ef brot eru framin, sem börn eða ungmenni innan 18 ára eru viðriðin, ber löggæzlumanni og dómara þegar í stað að tilkynna það barnaverndarnefnd og veita henni þess kost að fylgjast með rannsókn máls og láta nefndarmenn, fulltrúa eða annan starfsmann vera viðstaddan yfirheyrslu. Getur dómari krafizt þess, ef honum þykir þörf.

20. gr.

Áður en meiri háttar barnaverndarmáli, sbr. 13. gr., er ráðið til lykta, ber að veita foreldrum eða öðrum forráðamönnum barns kost á að tjá sig um málið, munnlega eða skriflega, þ. á m. með liðsinni lögmannna, ef því er að skipta. Að jafnaði ber að veita barni eða ungmenni kost á að koma á fund barnaverndarnefndar, þegar svo stendur á.

21. gr.

Barnaverndarnefnd skal fylgjast sem bezt með framferði, uppeldi og aðbúð barna og ungmenna í umdæmi sínu og hafa stöðugt samband við aðra þá aðila, sem stöðu sinnar vegna öðlast vitneskju um þessi efni.

22. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd þess vís, að heimilishögum, uppeldisháttum, framferði foreldra, forráðamanna eða annarra heimilismanna, aðbúnaði eða hegðun barns sé ábótavant, og skal hún þá láta málið til sín taka á þann hátt, er bezt þykir við eiga, eftir því sem á stendur.

23. gr.

Ef barn verður forsjarlaust eða forsjármenn þess veita því ekki fullnægjandi framfærslu, skal barnaverndarnefnd aðstoða þá, sem láta sig hag þess varða, við að koma því í fóstur á gott heimili eða sjá því farborða með öðrum hætti, sbr. 38. og 39. gr. framfærslulaga nr. 80/1947, enda er óheimilt að vista börn á öðrum heimilum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, samþykkir.

24. gr.

Ef fjárhagur foreldra barns eða forráðamanna er svo bágborinn, að það nýtur ekki sómasamlegrar aðbúðar og uppeldis, skal barnaverndarnefnd hlutast til um, að ráðin verði bót á því. Ef barn líður skort vegna örbirgðar, skal barnaverndarnefnd þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta, og greiðist kostnaður úr bæjar-(sveitar-)sjóði, að svo miklu leyti sem almannatryggingum ber ekki að greiða hann. Jafnan skal þess gætt, að aðstoð við heimili fari á undan öðrum framkvæmdum til úrbóta, að því leyti sem við verður komið.

Ekki má taka barn af heimili eingöngu vegna örbirgðar foreldra eða forráðamanna.

25. gr.

Nú er barn sjúkt og fær ekki viðunandi hjúkrun eða læknishjálp, eða barn er fáviti eða að öðru leyti andlega vanþroska og fær ekki sérstaka umönnun, sem því er þörf á, og skal þá barnaverndarnefnd í samráði við heimilislækni, heilbrigðis- yfirvöld og aðra sérfræðinga, ef því er að skipta, gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til verndar heilsu barns eða ungmennis. Sama er, ef heilsu barns eða ungmennis þykir stafa hætta af sjúkdómi, sem aðrir heimilismenn hafa tekið.

26. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd þess vís, að uppeldi barns eða ungmennis, aðbúnaði eða atléti er ábótavant vegna hirðuleysis foreldra eða forráðamanna, vankunnáttu þeirra, andlegra eða siðferðislegra annmarka, líkamlegrar eða andlegrar vanheilsu, drykkjuskapar, eiturlyfjanautnar, ofnotkunar deyfilyfja, lauslætis eða annars siðleysis, refsiverðs athæfis o. s. frv., og skal þá barnaverndarnefnd gera viðeigandi ráðstafanir. Kemur þá m. a. til greina að leiðbeina foreldrum og forráðamönnum og áminna þá, skipa heimili eftirlitsmann, eiga hlut að því, að sjúklingi eða annmarkamanni verði komið brott af heimili, eða taka barn af heimili, ef það þykir bezt henta, og má þá fela öðrum forræði barnsins. Ef ungmenni yfir 16 ára á í hlut, skal barnaverndarnefnd fara eftir ákvæðum 31. gr., eftir því sem við á.

Það er borgarakvöð að taka skipun sem eftirlitsmaður heimilis samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, en eldri maður en 60 ára getur þó skorazt undan kvaðningu.

27. gr.

Ef barnaverndarnefnd þykir barni eða ungmenni háski búinn af háttsemi eða framferði heimamanns, svo sem vegna deyfilyfjanautnar, ofdrykkju eða annars ósæmilegs athæfis, en því gæti annars liðið vel á heimilinu, er henni skylt, ef umvandanir og aðrar ráðstafanir koma ekki að haldi, að kæra málið fyrir valdsmanni þeim, er í hlut á. Er honum þá skylt að gera ráðstöfun, sem tryggji hag barnsins eða ungmennisins að þessu leyti, og í því skyni jafnvel heimilt að víkja manni brott af heimili um stundarsakir eða til frambúðar, ef hann bætir ekki ráð sitt, sbr. 50. gr.

28. gr.

Ef barnaverndarnefnd verður þess vís, að hegðun barns sé ábótavant, svo sem vegna ódælsku og óknytta, útivista á óleyfilegum tíma, slæpingsháttar, flækings, betls, vanrækslu á námi, drykkjuskapar eða annarrar óreglu, lauslætis eða lögbrotá, skal barnaverndarnefnd hefjast handa um viðeigandi aðgerðir, þar á meðal rannsókn sérfræðinga. Skal hún þá ráðgast um við foreldri eða forráðamenn, áminna barnið og reyna eftir föngum að leiða það á rétta braut. Ef barn er í skóla eða við nám, skal barnaverndarnefnd ráðgast við kennara eða meistara um betrun á hegðun þess, en við dómara, ef um lögbrot er að tefla. Ef nauðsyn þykir bera til, skal barnaverndarnefnd láta taka barn brott af heimili og fá því góðan samastað á heimili til umsjár eða á vistheimili eða uppeldisstofnun, enda sé höfð hliðsjón af annmörkum þess, sbr. 26. gr., og skulu þeim, sem við því taka, veittar leiðbeiningar um, hvernig með það skuli fara. Sá, sem tekur við slíku barni, skal ekki láta það frá sér fara án vitundar barnaverndarnefndar á staðnum, né þeirrar, er barninu hefur ráðstafað.

Þegar annmarkabarn eða ungmenni, sbr. 31. gr., er vistað á heimili, skal þess gætt, að á heimilinu séu ekki önnur börn eða ungmenni, sem ætla má, að stafi hætta af sambúð við það.

Nú verður barn 16 ára á heimili, vistheimili eða uppeldisstofnun, þar sem barnaverndarnefnd hefur komið því fyrir, og skal þá sú ákvörðun barnaverndarnefndar haldast, þar til hún ákveður annað. Rétt er aðila, þegar hann er orðinn 16 ára, eða lögráðamanni hans að bera málið á ný undir barnaverndarnefnd og barnaverndarráð.

Um skilorðsbundna niðurfellingu saksóknar fer eftir ákvæðum 56. gr. laga nr. 19/1940, sbr. l. nr. 22 3. maí 1955, 3. gr., og um niðurfellingu saksóknar samkv. 24. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961, sbr. 30. gr. laga nr. 19 12. febr. 1940, sbr. l. nr. 17 31. marz 1962, 1. gr.

29. gr.

Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni eða ungmenni til dvalar í umdæmi annarrar barnaverndarnefndar, skal hún tilkynna það þeirri barnaverndarnefnd, sem þá ber að fylgjast með högum þess. Jafnframt ber þeirri nefnd skylda til að sjá um, að barnið eða ungmennið skipti ekki um dvalarstað nema með leyfi þeirrar barnaverndarnefndar, er barninu hefur ráðstafað. Barnaverndarnefnd í dvalarumdæmi barns skal skylt að láta barnaverndarnefnd í heimilisumdæmi þess fylgjast með högum þess með skýrslugjöf eða á annan hátt.

30. gr.

Þegar barni er ráðstafað brott af heimili, sbr. 26. og 28. gr., skal leggja áherzlu á, að því sé séð fyrir lögskipaðri fræðslu eða fræðslu við sitt hæfi, ef annmarkabarn á í hlut. Nú er barn fullra 15 ára, og skal þá barnaverndarnefnd leitast við að ráðstafa því til þess starfs eða náms, er bezt svarar til hæfis þess og því má að gagni koma. Kostnaður af þessu greiðist hlutfallslega af ríkissjóði og sveitarsjóðum samkv. fræðslulögum.

31. gr.

Ef ungmenni eldra en 16 ára er haldið annmörkum þeim, er í 28. gr. getur, skal barnaverndarnefnd reyna að bæta hegðun og framferði þess með leiðbeiningum og áminningum, viðræðum við venzlafólk, húsbændur, kennara, meistara o. s. frv.

Ef ungmenni lætur skipast við áminningar barnaverndarnefndar og fellst á, að því sé komið í vist eða til náms, er barnaverndarnefnd skylt að veita atbeina sinn til þess, enda ráðstafi dómari eða ráðherra ekki á annan veg ungmenni, sem framið hefur lögbrot og eldra er en 15 ára. Jafnframt þessu koma m. a. til greina ákvæði 56. gr. laga nr. 19 12. febr. 1940, sbr. l. nr. 22 3. maí 1955, 3. gr.

Nú hefur ungmenni lokið vist, sem því hefur verið fengin samkvæmt ákvæðum

þessara laga, og skal þá barnaverndarnefnd sú, sem í hlut á, veita því atbeina sinn til þess að komast í vist, í atvinnu eða til náms við þess hæfi.

32. gr.

Nú telur barnaverndarnefnd, að ekki verði hjá því komizt að taka barn af heimili, og skal þá leita eftir samþykki foreldra eða annarra lögráðamanna til þeirrar ráðstöfunar. Ef það fæst ekki eða samþykki er tekið aftur, skal fara með mál samkvæmt því, er 13. gr. mælir fyrir um. Ef barn er forsjárlaust, tekur nefndin þegar við forsjá þess og hlutast eftir atvikum til um, að því sé skipaður lögráðamaður.

Þegar barn er tekið af heimili samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar, hverfur forsjá þess til nefndarinnar að svo stöddu, en nefndin getur falið forsjá þess einstökum mönnum, þ. á m. forstöðumanni uppeldisstofnunar eða aðilja, er tekur barn til framfærslu eða fósturs. Heimilt er að svipta foreldri, annað eða bæði, foreldravaldi, sbr. 13. gr., ef ákvæði 26. og 28., sbr. 31. gr. eiga við og nauðsyn krefur, og hlutast nefndin þá til um, að barninu verði skipaður lögráðamaður að svo stöddu.

33. gr.

Áður en ættleiðingarleyfi er veitt, skal dómsmálaráðuneyti leita umsagnar barnaverndarnefndar, sbr. 8. gr. laga nr. 19/1953. Skal hún kynna sér gaumgæfilega hagi og uppeldishæfi væntanlegs kjörforeldris og hagi kjörbarns, áður en umsögn er látin uppi.

34. gr.

Skylt er barnaverndarnefnd að halda skrá um þau börn og ungmenni, sem sérstök ástæða er til að fylgjast með vegna umkomuleysis eða annmarka, sömuleiðis yfir þau börn, sem njóta ekki umsjónar forsjármanna.

35. gr.

Enginn má taka barn eða ungmenni í fóstur, nema með samþykki barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi hans. Skal sú barnaverndarnefnd kynna sér gaumgæfilega hagi og uppeldishæfi væntanlegra fósturforeldra og hagi barnsins, þar á meðal skal nefndin kynna sér heilsufar aðilja og heimilisfólks væntanlegra fósturforeldra. Nefndin veitir ekki samþykki sitt til þess, að barn verði tekið í fóstur, nema tryggilegt þyki, að barn njóti góðrar aðhlyningar og uppeldis á fósturheimili og ekkert sérstakt geri það varhugavert að fallast á umsóknina.

Enginn má ráðstafa barni til fósturs, nema til aðilja, sem fengið hefur samþykki barnaverndarnefndar til þessa samkv. 1. málgr.

36. gr.

Nú kemst barnaverndarnefnd að raun um, að þeir, sem hafa barn í fóstri, vanræki uppeldi þess, atlæti eða aðbúnað, og skal hún þá gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til verndar barni eða ungmenni, og koma þá m. a. þau úrræði til greina, er getur í 26. gr. Auk þess getur barnaverndarnefnd lagt bann við því, að fósturforeldrar þessir taki börn framvegis.

Þegar barnaverndarnefnd ráðstafar barni í fóstur, skal hún gera sér allt far um að velja heimili við hæfi þess. Þá skal eftirlitsmaður barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi barnsins koma á fósturheimili eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Barnaverndarnefnd er jafnan heimilt að úrskurða, að barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldrum, ef þar fer vel um það, þótt þeir, er foreldraráð hafa yfir barni, kalli eftir því.

37. gr.

Óheimilt er að koma á fót eða reka barnaheimili, þar með talin vistheimili, dagheimili og leikskólar, eða aðra slíka uppeldisstofnun, nema leyfi menntamálaráðherra komi til. Áður en leyfi er veitt, skal leita umsagnar barnaverndarráðs. Ekki

má fela forstöðu slíks heimilis eða stofnunar öðrum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, telur þar til hæfa, eða barnaverndarráð, ef heimili er ætlað til viðtöku börnum eða ungmennum úr fleiri barnaverndarumdæmum en einu.

Barnaverndarnefnd ber að hafa eftirlit með barnaheimilum og uppeldisstofnunum í umdæmi sínu, þar með talin sumardvalarheimili, og fylgjast með högum og aðbúð barna þar. Skal hún jafnan fylgjast með, hvað verður um börn, sem tekin eru af slíkum barnaheimilum, nema sumardvalarheimilum, og samþykkja þá staði, sem þau fara til. Skal hún gæta þess vandlega, að ekki séu rekin í umdæmi hennar önnur heimili eða stofnanir en þær, sem hlotið hafa löggildingu lögum samkvæmt.

Nú stendur sveitarfélag eða aðiljar innan þess fyrir rekstri barnaheimilis í öðru umdæmi, og skal barnaverndarnefnd í sveitarfélagi, sem rekur heimilið eða þaðan sem heimilið er rekið, hafa eftirlit með því á þann hátt, sem segir í 2. málsg. Sömu leiðis ber barnaverndarnefnd að fylgjast með högum barna, er ráðstafað kann að vera úr hennar umdæmi á barna- eða sumardvalarheimili í öðru umdæmi, þ. á m. með beinu eftirliti a. m. k. einu sinni á ári.

Ef meðferð barns á barnaheimili eða uppeldisstofnun er óhæfileg eða rekstri slíks heimilis eða stofnunar á annan hátt ábótavant, skal barnaverndarnefnd með leiðbeiningum og áminningum leitast við að bæta úr því, sem áfátt er. En komi það ekki að haldi, skal hún leggja málið fyrir barnaverndarráð. Ef barnaverndarráð fær eigi úr bætt, getur það svipt forstöðumann starfanum og ráðherra svipt heimili eða stofnun rétti til rekstrar áfram að fengnum tillögum barnaverndarráðs og barnaverndarnefndar. Bera má mál þessi undir dómstóla, en ekki frestar það framkvæmd úrskurðar barnaverndarráðs eða ráðherra.

38. gr.

Áður en ráðstafað er samkvæmt lögum þessum barni eða ungmenni, sem er líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín, sbr. 5. tölul. 1. gr., skal barnaverndarnefnd eða barnaverndarráð, ef unnt er, láta kunnáttumann rannsaka barnið eða ungmennið og segja til, hvernig með skuli fara.

Ríkisstjórn skal í þessu skyni setja á stofn og reka athugunarstöð eða stöðvar að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Þar, sem athugunarstöð er sett, skal leita umsagnar viðkomandi barnaverndarnefndar um stað, stærð og fyrirkomulag. Á athugunarstöð skulu barnaverndarnefndir hvaðanæva af landinu eiga kost á að vista til bráðabirgða börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á siðferðislegum glapstigum, og önnur börn, sem skyndilega þarf að ráðstafa um stuttan tíma, unz athugun þeirra er lokið og þeim ráðstafað til frambúðar.

Ráðherra setur reglugerð um starfsháttu þessarar stöðvar eða stöðva í samráði við barnaverndarráð.

39. gr.

Ríkisstjórninni er skylt að setja á stofn og reka heimili, þar sem vistuð skulu börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Skulu heimili þessi vera a. m. k. tvö, annað handa stúlkum, en hitt handa piltum. Ráðherra setur reglur um vist barna og ungmenna á heimilum þessum, fræðslu, uppeldi og aga þar. Einnig er ríkisstjórninni skylt að setja á stofn og reka heimili og skólastofnanir, er annist uppeldi og fræðslu barna og ungmenna, sem eru frá heimilum, er vanrækja svo mjög uppeldishlutverk sitt, að varhugavert er fyrir börnin að dveljast þar, gáfnasljórra barna, andlega vanþroska barna og ungmenna, barna, sem sækja ekki skóla á viðunandi hátt, barna, sem að dómi kennara og skólastjóra spilla góðri reglu í skólunum og eru miður heppilegt fordæmi öðrum börnum, barna, sem að dómi kennara, skólastjóra og skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt barnaskólanám. Kostnaður skiptist samkvæmt fræðslulögum.

Hvert slíkt heimili skal hafa sérstaka stjórnarnefnd, 3—5 manna, sem skipaðir eru af ráðherra til 4 ára í senn að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Skal hún

hafa nákvæmt og stöðugt eftirlit með rekstri þess, aðbúð og uppeldi barna þar og aðstoða forstöðumenn við stjórn heimilisins. Nánari ákvæði um stjórnarnefnd skulu sett í reglugerð.

Líkamlegum refsingum skal ekki beita í slíkum stofnunum.

Um greiðslur fyrir börn og ungmenni á heimilum þessum og öðrum heimilum og stofnunum handa börnum og ungmennum, sem í 37. gr. getur, fer samkv. lögum nr. 78 1936.

40. gr.

Hafi barnaverndarnefnd ráðstafað barni eða ungmenni í fóstur eða á annan hátt samkvæmt lögum þessum, skal Tryggingastofnun ríkisins greiða með því þrefaldan barnalífeyri með börnum innan 7 ára aldurs og tvöfaldan með eldri börnum, en framfærsluveit barns endurgreiðir Tryggingastofnuninni.

Að öðru leyti greiðist kostnaður úr sveitarsjóði, sbr. þó 24. og 39. gr. þessara laga.

Allan kostnað, sem barnaverndarnefnd kann að hafa af hvers konar ráðstöfun barna og ungmenna úr öðrum umdæmum, skulu sveitarsjóðir þeirra umdæma endurgreiða, ef ekki er öðruvísi ákveðið í lögum.

41. gr.

Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með því, að barni eða ungmenni sé ekki ofþjakað við þunga eða óholla vinnu, með löngum vinnutíma, vökum eða óreglulegum vinnuháttum.

Eigi má ráða barn yngra en 15 ára til vinnu í verksmiðjum né til upp- og útskipunarvinnu eða byggingarvinnu. Eigi má hafa yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára við vinnu í skipum, nema skólaskipi eða æfingaskipi. Yngri menn en 18 ára mega ekki vera kyndarar eða kolamokarar né starfa við vélgæzlu á skipum. Eigi má ráða yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára til vinnu í loftfari.

Alger hámarksvinnutími barna undir 14 árum er hálf áratala aldurs þeirra, þ. e. 6—7 stundir á dag. Átta stunda vinnutímabil skulu jafnan annast tveir vinnuhópar barna, þ. e. 4 stundir hvor hópur, og 10 stunda vinnutímabil fullorðinna tveir vinnuhópar barna, þ. e. 5 stundir hvor þeirra.

Alger hámarksvinnutími barna 14—16 ára skal vera 8 stundir, án undantekninga.

Stefna skal að því, að börn stundi ekki vinnu, frá því að þau hefja skólagöngu að hausti og þar til skólagöngu lýkur að vori.

Rétt er ráðherra að setja reglugerðir, er taka yfir landið í heild, ef við á, en annars einstök umdæmi, þar sem nánar er kveðið á um aldur barna til vinnu í tiltekinni starfsgrein, hvíld, aðbúnað, orlof og önnur vinnuskilyrði barna og ungmenna í tilteknum starfsgreinum og við tiltekin störf starfsgreinar. Þá skal einnig setja ákvæði í reglugerð, er sporni við yfirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu barna og ungmenna og kveða nánar á um hámarksvinnutíma svo og eftir atvikum læknisskoðun til úrlausnar um það fyrir fram, að vinna sé ekki barni eða ungmenni um megn. Enn fremur skal setja ákvæði í reglugerð, er sporni við vinnu barna og ungmenna með tækjum, er sérstök slyshætta stafar af.

Rétt er, að ákvæði reglugerða um vinnuvernd barna og ungmenna taki m. a. yfir vernd sendisveina í starfi, þ. á m. útbúnað flutningatækja þeirra, takmörkun á blaðsölu barna og ungmenna og annarri verzlunarstarfsemi þeirra, störf barna og ungmenna í veitingahúsum og opinberum skemmtistöðum og þátttöku þeirra í opinberri skemmtistarfsemi, svo og önnur störf, er siðferði þeirra getur stafað hætta af.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar, svo og brot gegn ákvæðum reglugerða, er settar eru samkvæmt henni, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Auk refsingar má svipta mann réttindum samkvæmt almennum hegningarlögum, ef miklar sakir eru.

42. gr.

Ráðherra er heimilt að mæla svo fyrir, að hverju barni eða ungmenni á aldurs-skeiði 12—18 ára sé skylt að bera vegabréf og sýna það, þegar þess er krafist af löggæzlumönnum og eftirlitsmönnum, svo sem dyravörðum. Binda má notkun slíkra vegabréfa við einstök umdæmi, og er ráðherra skylt að mæla fyrir um vegabréfs-skyldu í umdæmi, ef barnaverndarnefnd og sveitarstjórn æskja þess.

Lögreglustjórar annast útgáfu vegabréfa. Um gerð þeirra og innihald svo og nánari reglur um notkun þeirra skal mælt í reglugerð. Kostnaður við útgáfu þeirra greiðist úr ríkissjóði.

Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt grein þessari, varða sektum allt að 10 000 krónum.

43. gr.

Barnaverndarnefnd skal vinna gegn áfengis- og tóbaksneyzlu barna og ungmenna og aðstoða í því efni áfengisvarnanefnd í umdæmi sínu, og m. a. stuðla að því, að þeir, sem veita eða selja þeim áfengi, sæti ábyrgð lögum samkvæmt.

44. gr.

Barnaverndarnefnd er skylt að hafa í umdæmi sínu eftirlit með leiksýningum og öðrum opinberum sýningum, svo og hvers konar öðrum skemmtunum. Er þeim, sem veita slíkum skemmtunum forstöðu, skylt að veita barnaverndarnefnd kost á því að kynna sér efni þeirra á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur skemmtun skaðsamlega eða óholla sálarlífi barna, getur hún bannað, að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni, sbr. þó um kvikmyndasýningar 59. gr. 4. málsg. Skulu þá forstöðumenn skemmtunar geta þess á sinn kostnað í auglýsingum um hana.

Ef forstöðumaður brýtur gegn reglum, sem honum eru settar samkv. ákvæðum greinar þessarar, varðar það sektum eða varðhaldi allt að 4 mánuðum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

45. gr.

Rétt er að setja með reglugerð ákvæði til verndar börnum og ungmennum gegn siðspillandi áhrifum, vondum fordæmum og freistingum.

Rétt er ráðherra að takmarka í reglugerð útivist barna og ungmenna á kvöldum og nóttum, ferðir út í skip og banna þeim aðgang að opinberum skemmtistöðum, sem eru ekki við barna og ungmenna hæfi. Samræmi skal vera í reglugerðunum um land allt.

Í reglugerð má leggja bann við starfa kvenna innan 18 ára á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má, að siðferði þeirra sé sérstök hættu búin.

Rétt er að takmarka í reglugerð heimild manna til að fela börnum og ungmennum fjárhæðir í vörzlu eða til umráða og hafa tiltekin verzlunarviðskipti við börn.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar, sem sett er samkv. grein þessari, varðar sömu viðurlögum og brot gegn ákvæðum 41. gr.

46. gr.

Ef maður viðhefur í návist barns eða ungmennis ósiðlegt, ruddalegt eða ósæmilegt orðbragð eða athæfi, ertir það eða dregur dár að því eða særir það á ósæmi- legan hátt eða beitir það refsingum, ógnunum eða hótunum og slíkt orðbragð eða athafnir má telja því skaðsamlegar andlega eða líkamlega, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

47. gr.

Ef maður leiðir barn eða ungmenni allt að 18 ára á siðferðislega glapstigu, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef maður verður áskynja um brot

samkvæmt 1. mgr. og lætur ógert að afstýra því, ef honum er það fært, eða gera hlutaðeigandi löggæzlumanni eða barnaverndarnefnd viðvart.

48. gr.

Ef foreldrar, forráðamenn, forstöðumaður eða starfsmaður barnaheimilis eða uppeldisstofnunar, kennari, meistari eða aðrir, sem forsjá barns og ungmennis allt að 18 ára er falin, leiða það á siðferðislega glapstigu, misbjóða því eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög, að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé hætta búin, þá varðar það refsingu samkvæmt 191. gr. laga nr. 19 1940. Þegar maður er dæmdur til refsingar eftir grein þessari, má beita hann ákvæðum 65. og 68. gr. sömu laga.

49. gr.

Hver, sem verður þess vis, að foreldrar, forráðamenn, kennari, meistari eða aðrir þeir, sem forsjá barns eða ungmennis er falin, leiða það á siðferðislega glapstigu, misbjóða því eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög, að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé hætta búin, skal skyldur að tilkynna það barnaverndarnefnd, þar sem barnið er.

Vanræksla í þessu efni varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik, sem telja má, að barnaverndarnefnd eigi að láta sig skipta.

50. gr.

Það varðar mann sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum, ef hann heimsækir gegn forboði barnaverndarnefndar, barnaverndarráðs eða dómara barn eða ungmenni, sem ráðstafað hefur verið samkvæmt lögum þessum eða almennum hegningarlögum. Hver, sem á brott nemur barn eða ungmenni, er ráðstafað hefur verið samkvæmt lögum þessum, tælir það til brotthlaups, leynir því eða aðstoðar það við að strjúka, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Sömu refsingu varðar það mann, ef hann óhlýðnast úrskurði valdsmanns að víkja brott af heimili samkvæmt 27. gr. eða sækir á heimili, eftir að honum hefur verið vikið þaðan. Beita má hér ákvæðum 65. gr. laga nr. 19 1940.

Hver, sem annars tálmar rannsókn eða framkvæmd, sem fram á að fara samkvæmt lögum þessum, gefur ranga eða villandi skýrslu þeim, sem slíka rannsókn eða framkvæmd á að annast, eða hlýðir ekki því, sem lagt er fyrir hann samkvæmt heimild í lögum, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 4 mánuðum, enda varði brotið ekki þyngri refsingu samkvæmt ákvæðum þessara laga eða annarra.

V. KAFLI

Um störf og starfsháttu barnaverndarráðs.

51. gr.

Barnaverndarráð er ályktunarfært, ef allir ráðsmenn sitja fund og þrír þeirra fylgjast að máli. Til ráðstafana þeirra, sem um getur í 2. mgr. 13. gr. laga þessara, þarf þó samþykki fjögurra barnaverndarráðsmanna.

Nú hamlar nauðsyn barnaverndarráðsmanni fundarsókn, og skal hann þá gera formanni viðvart með fyrirvara, ef unnt er. Boðar þá formaður varamann í hans stað.

52. gr.

Hlutverk barnaverndarráðs er að hafa yfirumsjón starfa allra barnaverndarnefnda á landinu og fara með úrskurðarvald barnaverndarmála samkvæmt 57. gr.

Skal það veita barnaverndarnefndum hvers konar leiðbeiningar um starfa þeirra, skilning á lagaákvæðum, er þær varða, o. s. frv.

Barnaverndarráð skal leita álits sérfræðinga utan ráðsins, þegar ástæða þykir til.

53. gr.

Nú verður barnaverndarráð þess víst, að barnaverndarnefnd rækir ekki störf þau, sem henni eru falin í lögum, og skal barnaverndarráð þá krefja hana skýrslna og halda henni til að rækja skyldu sína.

54. gr.

Ef barnaverndarráði þykir ástæða til, getur það tekið mál í umdæmi barnaverndarnefndar til meðferðar og lagt fyrir hana að framkvæma sérstakar ráðstafanir í því, hvort sem hún hefur áður um fjallað eða ekki. Fer um tilhögun rannsóknar í því efni eftir því, sem við á, á sama hátt sem um starfa barnaverndarnefnda.

Skylt er barnaverndarnefnd að framkvæma samþykktir barnaverndarráðs, nema framkvæmd þeirra heyri undir önnur stjórnvöld.

Ef beita verður valdi við framkvæmd ákvörðunar barnaverndarnefndar eða barnaverndarráðs samkvæmt lögum þessum, heyrir slík valdbeiting undir fógeta eða lögreglu, ef brýna nauðsyn ber til. Fulltrúi barnaverndarnefndar eða barnaverndarráðs skal þó ávallt vera viðstaddur slíkar framkvæmdir.

55. gr.

Barnaverndarráð heimtíð ársskýrslur frá barnaverndarnefndum og gefur út útdrátt úr þeim ásamt skýrslu um störf sín ekki sjaldnar en annað hvert ár. Ráðherra getur, að fengnum tillögum barnaverndarráðs, beitt dagsektum, 50—100 kr. á dag, ef barnaverndarnefnd vanrækir að standa skil á fyrirskipuðum skýrslum.

56. gr.

Barnaverndarráð hefur yfirumsjón allra barnaheimila og uppeldisstofnana á landinu, þ. á m. sumardvalarheimila, og beint eftirlit með heimilum þeim og uppeldisstofnunum, sem ætluð eru til viðtöku börnum og unglíngum hvaðanæva af landinu. Skal það fela einum eða fleirum ráðsmanna eða sérstökum fulltrúa að vitja til eftirlits hvers heimilis eða stofnunar svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Er forráðamanni þeirrar stofnunar, er í hlut á, skylt að greiða fyrir eftirliti og veita eftirlitsmanni færi á að rannsaka börn og ungmenni, sem þar eru vistuð, húsakynni þeirra, þrif, heilsufar, mataræði, aðbúnað og þroska, veita honum aðgang að skýrslum, bókum og reikningum stofnunarinnar o. s. frv.

Tálmanir gegn framkvæmd eftirlits varða refsingu að lögum, sbr. 3. gr. og 50. gr., 3. mgr.

57. gr.

Foreldrar eða aðrir forsjármenn barns svo og aðrir þeir, sem hagsmuna eiga að gæta vegna ráðstafana barnaverndarnefnda, geta borið mál undir barnaverndarráð til fullnaðarúrskurðar. Er ráðinu skylt að taka málið til skjótrar meðferðar og úrlausnar. Ákvæði 14., 15., 16. og 20. gr. eiga hér einnig við, og getur barnaverndarráð mælt fyrir um formlegan málflutning fyrir ráðinu.

Málskot til barnaverndarráðs frestar ekki framkvæmd ákvörðunar barnaverndarnefndar. Þegar sérstaklega stendur á, getur barnaverndarráð þó ákveðið, að framkvæmd ályktana barnaverndarnefndar skuli frestað, unz ráðið hefur fellt úrskurð sinn. Skal barnaverndarráð þá hraða störfum svo sem framast er unnt.

Barnaverndarráð getur metið að nýju bæði lagahlið málsins og sönnunargögn þess. Það getur ýmist staðfest úrskurðinn að niðurstöðu til eða hrundið honum að nokkru eða öllu, þar á meðal mælt fyrir um aðrar ráðstafanir en barnaverndarnefnd. Þá getur ráðið einnig vísað málinu til nefndarinnar til meðferðar að nýju, svo og aflað gagna sjálft eða fyrir atbeina barnaverndarnefnda eða með öðrum hætti, ef því er að skipta.

Nú verður barnaverndarráð þess áskynja, að barnaverndarnefnd hafi gert ráðstöfun andstætt lögum, og ber barnaverndarráði þá að láta mál til sín taka, þótt því hafi ekki verið skotið til ráðsins.

58. gr.

Í reglugerð, er menntamálaráðherra setur, skulu sett nánari ákvæði um starfsháttu barnaverndarráðs, þ. á m. um boðun funda, bókun fundargerða, boðun varanna svo og um verkaskiptingu innan ráðsins, um starfsmenn ráðsins og ráðunauta, svo og skrifstofuhald ráðsins.

VI. KAFLI

Um skoðun kvikmynda.

59. gr.

Enga kvikmynd má sýna börnum innan 16 ára aldurs, nema að undangenginni athugun, sem framkvæmd sé af þar til hæfum mönnum. Ráðherra tilnefnir, að fengnum tillögum barnaverndarráðs, sérstaklega þar til hæfa menn til fimm ára í senn til að annast skoðun kvikmynda.

Skoðunarmenn skulu meta, hvort mynd geti haft skaðsamleg áhrif á siðferði eða sálarlíf barna eða á annan hátt. Skulu þeir hverju sinni ákveða, hvort mynd sé óhæf til sýningar börnum innan 16 ára eða á tilteknum aldurs skeiðum innan þess aldurs.

Ekki aflar það barni innan ákveðins aldurs heimildar til aðgangs að kvikmyndahúsi, þar sem sýnd er mynd, sem bönnuð er börnum á þess aldri, að það sé í fylgd með fullorðnum eða þeim, sem heimild hafa til að sjá viðkomandi kvikmynd.

Skoðun kvikmynda fer fram í Reykjavík, og skal tryggja skoðunarmönnum viðunandi aðstöðu til starfsins. Heimilt er þó ráðherra að ákveða, að skoðun fari fram utan Reykjavíkur, þar sem aðstaða er fyrir slíka skoðun að mati hans. Úrskurður skoðunarmanns skal fylgja hverri mynd, og gildir hann hvarvetna á landinu.

Tveir skoðunarmenn hið fæsta skulu skoða hverja mynd. Greini þá á, skal hinn þriðja kveðja til, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, og ræður þá meiri hluti, hvort hanna á mynd eða ekki.

Sá, er skoðunar beiðist, skal greiða kostnað við hana, þar á meðal þóknun til skoðunarmanna, eftir ákvörðun ráðherra.

Barnaverndarnefndir á viðkomandi stöðum skulu hafa eftirlit með, að aðeins séu þar sýndar börnum kvikmyndir, sem kvikmyndaeftirlitið hefur leyft.

Um starfshætti kvikmyndaeftirlitsins og starfsemi þess skulu sett nánari ákvæði í reglugerð, er ráðherra setur.

Ef forráðamaður kvikmyndahúss brýtur gegn ákvæðum þessarar greinar eða ákvæðum reglugerðar, settum samkvæmt henni, varðar það allt að 15000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Ríkisútvarpið annast skoðun kvikmynda, sem það sjónvarpar.

VII. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

60. gr.

Um rannsókn og meðferð brota, sem refsing er lögð við í lögum þessum, fer að hætti opinberra mála.

61. gr.

Barnaverndarráð skal stofna til námskeiða og fyrirlestra fyrir meðlimi barnaverndarnefnda og starfsmenn þeirra svo og starfsmenn hvers konar barnaheimila

og uppeldisstofnana. Ráðinu er enn fremur heimilt að stofna til námskeiða eða annarrar fræðsiustarfsemi fyrir foreldra og uppalendur. Þá skal barnaverndarráði heimilt að gefa út handbækur fyrir barnaverndarnefndir. Kostnaður af því greiðist úr ríkissjóði.

62. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað, og eru þá numin úr gildi lög nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna, svo og lög nr. 20 16. apríl 1955 og lög nr. 58 18. apríl 1962, um breytingar á þeim lögum, og önnur þau lög, er fara í bága við þessi lög.

Menntamálaráðuneytið hlutast til um, að barnaverndarnefndir séu kosnar í hreppum samkvæmt ákvæðum laga þessara, og er kjörtími þeirra það, sem eftir er af kjörtímabili hreppsnefndar, er kaus nefndina, en barnaverndarnefnd gegnir þó störfum, unz ný nefnd hefur verið kosin. Barnaverndarnefndir þær, er nú starfa, halda áfram störfum til þess tímamarks, er greinir í 7. gr.

Menntamálaráðuneytið hlutast til um, að barnaverndarráð sé skipað samkvæmt ákvæðum 12. gr. svo fljótt sem föng eru á, enda fellur niður umboð núverandi barnaverndarráðs, er hið nýja ráð er fullskipað.

Menntamálaráðherra skipar eftir gildistöku laga þessara kvikmyndaeftirlitsmenn, sbr. 59. gr., enda fellur þá niður umboð núverandi kvikmyndaeftirlitsmanna.